

Mál 4/2014

Ár 2014, miðvikudaginn 26. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Siðumúla 15, Reykjavík.
Fyrir var tekið mál nr. 4/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. mars 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann ZZ við tíkina XX án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar og andsvara með bréfi dagsettu 23. apríl og henni gefinn frestur til 21. maí. Kærða nýtti sér ekki andmælafrestinn og var henni send ítrekun með bréfi dagsettu 14. október þar sem hún fékk viðbótarfrest til 21. október, sem kærða sinnti ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærða myndi nýta sér rétt sinn til andsvara þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 30.12.2013 var rakkinn ZZ paraður við tíkina XX án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af kyninu Amerískur cocker spaniel og eru báðir í eigu kærðu. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælafrest sinn þrátt fyrir ítrekun né á neinn hátt reynt að halda uppi vörnum í málinu. Siðnefnd ákvað því að taka málið til úrskurðar sem byggt myndi á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Amerískur cocker spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01.12.2002).
Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Í málinu liggur ljóst fyrir að rakkinn var ekki með gilt augnvottorð við pörun en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Amerískur cocker spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Rakkinn hefur nú verið augnskoðaður og til allra heilla staðist skoðun, en það breytir ekki brotinu að hann hafi staðist skoðun eftir á, það gat kærða ekki séð fyrir. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við grundvallarreglurnar þar sem einnig var parað án þess að fyrir lægi gilt augnvottorð. Kærða er því áminnt öðru sinni.

IV. Niðurstaða

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt öðru sinni.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir